



**Ályktanir 36. Sambandsþings SUF
í Borgarnesi 25.-26. september 2010**

Birt með fyrirvara um villur

Efnisyfirlit

1. Stjórnskipun og réttarfar.....	4
1.1 Forseti Íslands.....	4
1.2 Stjórnlagabing og endurskoðun stjórnarskrár.....	4
1.3 Aðskilnaður löggjafarvalds, framkvæmdavalds og atvinnulífs.....	4
1.4 Tímabundnar ráðningar innan Stjórnarráðsins.....	4
1.5 Rafræn stjórnsýsla, einfaldara Ísland.....	4
1.6 Aðgengi að opinberum gögnum.....	4
1.7 Umboðsmaður Alþingis.....	4
1.8 Nútímavæðing réttarkerfisins.....	4
1.9 Löggæsla.....	5
1.10 Fangelsi og úrræði fyrir unga fanga.....	5
1.11 Ríki og sveitarfélög.....	5
1.12 Trúmál og trúfrelsi.....	5
1.13 Samband ríkis og kirkju.....	5
2 Efnahagur, viðskipti og neytendur.....	5
2.1 Efnahagsmál.....	5
2.2 Seðlabanki Íslands og peningamálastefna.....	5
2.3 Hóflæg skattheimta og framfærslugrunnur.....	5
2.4 Tollar og gjöld.....	5
2.6 Neytendur.....	6
2.7 Lækkun áfengiskaupaaldurs.....	6
2.8 Öflugt samkeppnis- og fjármálaeftirlit.....	6
2.9 Upplýsingaskylda viðskiptalífsins.....	6
2.10 Bankar, fjármálastofnanir og verðtrygging.....	6
2.11 Uppboðsmarkaður fyrir eignir.....	6
2.12 Um samvinnufélög.....	6
2.13 Endurreisn heimilanna.....	6
3. Utanríkismál.....	6
3.1 Norðurlandasamstarf.....	6
3.2 Utanríkisþjónustan.....	7
3.3 Varnarmál og NATO.....	7
3.4 Friðargæsla.....	7
3.5 Þróunarmál.....	7
3.6 Landhelgisgæslan.....	7
4. Atvinna, samgöngur og byggðir.....	7
4.1 Atvinnuvandi ungs fólks.....	7
4.2 Atvinnuuppbygging.....	7
4.3 Nýsköpun.....	7
4.4 Þekkingariðnaður.....	8
4.5 Landbúnaðarmál.....	8
4.6 Sjávarútvegsmál.....	8
4.7 Byggðamál.....	8
4.8 Samgöngur við útlönd.....	8
4.9 Vegamál.....	8
4.10 Almennings-samgöngur.....	8
4.11 Fríar almennings-samgöngur.....	9
4.12 Umferðarmál.....	9
4.13 Um flugsamgöngur.....	9
4.14 Um fjarskipti.....	9
4.15 Frjáls hugbúnaður.....	9
5 Umhverfi og auðlindanýting.....	9
5.1 Nýir orkugjafar.....	9
5.2 Endurvinnsla og spilliefni.....	9
5.3 Loftslagsmál.....	9
5.4 Eignarhald á náttúruauðlindunum.....	10
5.5 Eignarhald á orkufyrirtækjum.....	10
5.6 Vistvænar veiðar.....	10
5.7 Um húsnæðis- og skipulagsmál.....	10
5.8 Landgræðsla.....	10
6. Menntun, menning og íþróttir.....	10
6.1 Menntastefna.....	10
6.2 Sveigjanlegur námstími.....	10
6.3 Leikskólastigið.....	10
6.4 Grunnskólastigið.....	11
6.5 Skólafatnaður.....	11
6.6 Framhaldsskólastigið.....	11
6.7 Starfsnám.....	11
6.8 Háskólastigið.....	11
6.9 Fjármögnun háskólastigsins.....	11

6.10	Vísindi, rannsóknir og nýsköpun.....	11
6.11	Lánasjóður íslenskra námsmanna.....	11
6.12	Styrkur til háskólanáms.....	12
6.13	Gæðaeftirlit.....	12
6.14	Sí- og endurmenntun.....	12
6.15	Menntun fanga.....	12
6.16	Lýðháskóli.....	12
6.17	Menningsarmál.....	12
6.18	Tungumál.....	12
6.19	Fjölmíðlar.....	12
6.20	Íslensk kvikmyndagerð.....	12
6.21	Íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsmál.....	13
6.22	Styrkir til íþróttastarfs.....	13
6.23	Um húsafríðun.....	13
7.	Velferð, jöfnuður og lífsgæði.....	13
7.1	Velferðarkertið.....	13
7.2	Aðgangur að heilbrigðisþjónustu.....	13
7.3	Heilsugæsla.....	13
7.4	Sálfræðiþjónusta.....	13
7.5	Geðrækt.....	13
7.6	Tannvernd.....	13
7.7	Stuðningur við útskrifaða sjúklinga.....	14
7.8	Forvarnir.....	14
7.9	Um getnaðarvarnir og kynfræðslu.....	14
7.10	Lýðheilsa.....	14
7.11	Skimun eftir krabbameini og fyrirbyggjandi aðgerðir.....	14
7.12	Almannatryggingar.....	14
7.13	Endurhæfing.....	14
7.14	Atvinnuleysi.....	14
7.15	Fátækt.....	14
7.16	Öldrunarmál.....	14
7.17	Lífeyrismál.....	14
7.18	Barnavernd og réttindi barna.....	15
7.19	Málefni fatlaðs fólks.....	15
7.20	Húsnæðismál.....	15
8.	Mannréttindi og lýðræði.....	15
8.1	Þátttaka í lýðræðinu.....	15
8.2	Útstrikanir og persónukjör.....	15
8.3	Þjóðaratkvæðagreiðslur.....	15
8.4	Vægi atkvæða.....	15
8.5	Tímasetning kosninga.....	15
8.6	Málefni innflytjenda.....	16
8.7	Jafnréttismál.....	16
8.8	Jafnréttisfræðsla í leik-, grunn- og framhaldsskólum.....	16
8.9	Réttindi samkynhneigðra og transgender fólks.....	16
8.10	Afnám launaleyndar.....	16
8.11	Heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi.....	16
8.12	Dýrahald í fjöleignahúsum.....	16
8.13	Aðgengismál.....	16

1. Stjórnskipun og réttarfar

1.1 Forseti Íslands

Ungt framsóknarfólk leggur áherslu á mikilvægi forsetaembættisins og telur embættið bæði gegna mikilvægu stjórnskipunarlegu hlutverki og einnig að það sé sameiningartákn fyrir þjóðina. Rétt er að Forseti Íslands meti sjálfur hvenær hann feli handhöfum forsetavalds vald sitt þegar hann er staddur erlendis tímabundið en afsali ekki forsetavaldinu sjálfkrafa við brottför frá landinu.

Einnig vill ungt framsóknarfólk þakka Forseta Íslands fyrir lýðræðislega og ötula baráttu í Icesave-málinu og fyrir það að veita þjóðinni þann rétt að kjósa um málið í þjóðaratkvæðagreiðslu.

1.2 Stjórnlagabing og endurskoðun stjórnarskrár

Ungt framsóknarfólk fagnar stofnun stjórnlagabings en harmar það jafnframt að það sé eingöngu ráðgefandi. Stjórnlagabing er hentugasta leiðin að tímabærri endurskoðun stjórnarskrár þar sem hún yrði aðlöguð að nýjum veruleika.

Taka skal sérstaklega á mannréttindum, gagnsæi í stjórnsýslu og alþjóðlegu samstarfi. Auk þess skal tryggja rétt þjóðarinnar við ákvarðanatöku um mikilvæg mál.

1.3 Aðskilnaður löggjafarvalds, framkvæmdavalds og atvinnulífs.

Ungt framsóknarfólk telur það vera nauðsynlegt að þingskaparlögum sé breytt á þann veg að varamenn ráðherra á þingi taki sæti þeirra á meðan þeir gegna ráðherradömi.

Ungt framsóknarfólk krefst þess að sett verði lög þess efnis að þingmönnum sé óheimilt að taka sæti í stjórnun fyrirtækja og stofnana utan Alþingis. Einnig telur SUF að þingmenn skuli fela hlutlausum aðilum umsjón með eignasöfnum sínum á meðan á þingmennsku stendur.

1.4 Tímabundnar ráðningar innan Stjórnarráðsins

Ungt framsóknarfólk harmar þá miklu spillingu sem ríkisstjórnin viðhefur í mannráðningum innan Stjórnarráðsins. Ungt framsóknarfólk krefst þess enn fremur að ríkisstjórnin sjái að sér og standi við loforð sín um ný vinnubrögð og hætti tímabundnum ráðningum þar sem flokksgæðingar eru látnir flakka á milli ráðuneyta og stofnana til að komast hjá auglýsingaskyldu og faglegum vinnubrögðum við ráðningar.

1.5 Rafræn stjórnsýsla, einfaldara Ísland

Ungt framsóknarfólk vill auka veg og virðingu rafrænnar stjórnsýslu og um leið stuðla að því að auknu aðgengi að þeim gögnum sem stjórnkerfið hefur uppá að bjóða. SUF vill ennfremur að vægi rafrænnar stjórnsýslu verði stórlega aukið með hjálp Internetsins.

Stefnt verði að því að öll eyðublöð sveitarfélaga og ríkisstofnana verði aðgengileg og skilanleg á vefnum með hjálp rafrænna skilríkja.

1.6 Aðgengi að opinberum gögnum

Ungt framsóknarfólk vill að ríki og sveitarfélög gangi strax í það verk að gögn á borð við tölfraediupplýsingar, kortaupplýsingar, ljósmyndir og myndskleið séu gefin út samkvæmt frjálsum leyfi á borð við Creative Commons og gerð aðgengileg á vefnum.

Opinber gögn eru í eigu almennings og eiga að vera eins aðgengileg og hægt er svo hægt sé að skapa úr þeim afurðir sem hægt væri að nota við nám, leik eða vinnu. Ljóst er að ríki og sveitarfélög sitja á aragrúa af upplýsingum sem hægt er að skapa verðmæti úr fyrir allt samfélagið ef þær væru gerðar aðgengilegar með samræmdum og einföldum hætti. Gott dæmi um verkefni sem njóta góðs af slíku er Hjólavefsjá.

Opinberum fyrirtækjum og stofnunum verð gert skylt að notast við opin og aðgengileg skjalasnið og staðla þegar gögn eru gefin út. Ef þörf er talin vera á því að nota lokuð snið skulu þau vera notuð samhliða þeim opnu.

1.7 Umboðsmaður Alþingis

Ungt framsóknarfólk vill efla embætti umboðsmanns Alþingis og gera það betur í stakk búið til að gegna hlutverki sínu sem öryggisventill þingræðisins og almennings gagnvart ráðherravaldinu og embættismannakerfinu.

1.8 Nútímavæðing réttarkerfisins

Ungt framsóknarfólk vill að dómskerfið sé nútímavætt og það gert skilvirkt og einfalt fyrir hinn almenna borgara.

Stofnaðir verði sérstakir smákröfudómstólar til hliðar við héraðsdóma að breskri og írskri fyrirmynd þar sem dómsgjöld eru lægri en við almenna héraðsdóma. Þessir dómstólar gætu tekið að sér minni peningakröfur og aðrar minni deilur s.s. um leigusamninga.

Við skipan dómara verður að hafa að leiðarljósi að dómara séu eingöngu valdir á faglegum grundvelli og að sú leið sem farin er rýri ekki traust almennings á dómskerfinu. Auk þess væri samþykki aukins meirihluta Alþingis hentug lausn til að koma í veg fyrir persónulegar stöðuveitingar ráðherra.

1.9 Löggæsla

Ungt framsóknarfólk vill bæta aðstöðu lögreglunnar til að tryggja öryggi borgaranna án þess að gengið sé á persónulegum rétti þeirra. Stíga verður varlega til jarðar þegar kemur að heimildum til forvirkra rannsóknarheimilda.

Ljóst er að stórbæta þarf kjör lögreglustéttarinnar með það að markmiði að auka veg og virðingu hennar.

1.10 Fangelsi og úrræði fyrir unga fanga

Ungt framsóknarfólk vill að gert verði stóráttak í fangelsismálum. SUF fagnar byggingu nýs deildarskipts fangelsis á Höfuðborgarsvæðinu. Þá verður vonandi hægt að beina auknum kröftum fangelsiskerfisins að sérþörfum fanga með betrun að leiðarljósi.

Sett verði skýr lög um hvernig skal standa að málum er varða börn og unglinga sem eru í gæsluvarðhaldi eða eru dæmd til fangelsisvistar. –Þennan hóp verður að aðstoða strax við fyrsta brot og bjóða upp á lausnir á borð við lokaða meðferðarvistun í stað hefðbundinnar fangelsisvistar.

1.11 Ríki og sveitarfélög

Ungt framsóknarfólk hvetur til áframhaldandi færslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga en um leið að samsvarandi tekjustofnar verði færðir um leið t.d. með því að láta sveitarfélögum í té hluta af fjármagnstekjuskatti.

Efla þarf sveitarfélögin í landinu sem staðbundið stjórnvald og skoða kosti sameiningar og stofnanir byggðarsamlaya þar sem það á við og til að efla þá nærþjónustu sem þau bjóða upp á.

Sérstaklega er nauðsynlegt í því samhengi að sameina sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu frekar og jafnvel skoða kosti sérstaks stjórnsýslustigs yfir Höfuðborgarsvæðinu til að auka samvinnu og samhæfni milli þeirra.

1.12 Trúmál og trúfrelsi

Ungt framsóknarfólk vill stuðla að því að trúfrelsi sé virt á Íslandi og stuðla að vettvangi samráðs og jafnrétti meðal ólíkra trúarbragða auk þess sem réttur þeirra sem standa utan skráðra trúfélaga skal vera hafður í heiðri.

Rétt er að breyta lögum um sjálfgefna skráningu barns í trúfélag móður við fæðingu þannig að samþykki beggja forsjáradila, séu þeir tveir, þurfi til þess að skrá barn í trúfélag hafi það ekki aldur til þess að sjá um skráningu sína sjálf.

1.13 Samband ríkis og kirkju

Ungt framsóknarfólk vill að ríkisvaldið hefji viðræður við Þjóðkirkjuna um frekari aðskilnað ríkis og kirkju, enda séu þær til þess fallnar að gera Þjóðkirkjuna sterkari á eigin fótum og stuðla að jafnrétti milli trúfélaga. Í þeim viðræðum þarf sérstaklega að taka á fjárhagslegum aðskilnaði s.s. kirkjujarðasamningunum frá 1907 og 1997. Ef samkomulag næst skal það borið undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu.

2 Efnahagur, viðskipti og neytendur

2.1 Efnahagsmál

Ungir framsóknarmenn standa fyrir markvissum framförum og umbótum í efnahagsmálum með áherslu á nýsköpun og nýtingu hugvits, mannafla og auðlinda sem þjóðin hefur yfir að ráða. Stuðla skal að hagkvæmri nýtingu auðlinda á umhverfis- og vistvænan hátt. Framsækið efnahagslíf, sem byggist á gagnsæi og trausti, er forsenda þess að fyrirtæki og einstaklingar geti gert áætlanir sem hægt er að byggja á.

2.2 Seðlabanki Íslands og peningamálastefna

Ungt framsóknarfólk vill stuðla að; ábyrgari peningamálastjórn, samhæfingu stofnana og valdhafa með stöðugleika, hagvöxt og velferð að leiðarljósi. Athuga skal kosti þess að hækka á ný bindiskyldu úr 2% í 4-6%.

2.3 Hóflæg skattheimta og framfærslugrunnur

Ungt framsóknarfólk telur að halda beri skattheimtu á einstaklinga í hófi og það sé sanngirnismál að tekjur sem þarf til lágmarksframfærslu séu ekki skattlagðar. Mikilvægt er að ljúka vinnu við að koma á raunhæfum framfærslugrunni sem skilgreini lágmarksframfærslu einstaklinga og lagður verði til grundvallar þegar skattleysismörk eru ákveðin. Endurskoða þarf skattkerfið með það að markmiði að einfalda framkvæmd og auka eftirlit með undanskotum. Neyslusköttum á nauðsynjavörum, eins og matvöru á að stilla í hof og skattur af öðrum vörum og þjónustu skal vera sanngjarn.

2.4 Tollar og gjöld

Ungt framsóknarfólk telur að tolla rétt eins og skatta, beri að leggja á í hófi og af sanngirni. Álagning tolla í verndarskyni fyrir íslenska framleiðslu getur í einstökum tilfellum átt rétt á sér, en hagsmunirnir þurfa að vera raunverulegir og ríkir. Ungt framsóknarfólk telur það vera kall tímans að leggja niður sérstakt tollgengi sem notað er þegar vörur eru tollafgreiddar og fara þess í stað eftir sölugengi Seðlabanka þann dag sem vörureikningur er gefinn út eða greiðsla fer fram.

2.6 Neytendur

Réttur neytenda gagnvart seljanda á að vera skýr og sterkur. Auka þarf verð- og vörumerkingaeftirlit til hagsbóta fyrir neytendur. Auk þess er mikilvægt að jafna ábyrgð lánveitenda og lántakenda á lánamarkaði þar sem ójafnvægi hefur ríkt þeirra á milli undanfarna áratugi.

2.7 Lækkun áfengiskaupaaldurs

Ungt framsóknarfólk vill að áfengiskaupaaldur verði lækkaður í 18 ár til samræmis við önnur réttindi sem einstaklingar öðlast á þeim tímapikti.

2.8 Öflugt samkeppnis- og fjármálaeftirlit

Eigi hinn frjálsi markaður að virka rétt og almenningi í hag, er bráðnauðsynlegt að hið opinbera hafi virkt eftirlit með því að aðilar markaðarins brjóti ekki settar leikreglur. Því telur ungt framsóknarfólk rétt að efla samkeppnis- og fjármálaeftirlit á Íslandi með auknum valdheimildum og fjármagni.

Ungt framsóknarfólk vill draga verulega úr bankaleynd, vikka upplýsingalöggjöf fjármálastofnana og aðgengi að upplýsingum um eignatengsl, afskriftir og lánveitingar á vegum allra fjármálastofnana. Skal Fjármálaeftirlitið sjá um eftirlit með öllum þeim félögum sem starfa líkt og bankar hvort sem sérstakt bankaleyfi hefur verið veitt eða ekki. Nauðsynlegt er að þetta eftirlit sé skilvirkt svo að ný fyrirtæki á markaði, sem og almenningur njóti þeirrar verndar sem lög veita þeim.

Mikilvægt er að skýr verkaskipting sé fyrir hendi svo ekki séu margar stofnanir að vinna að sömu málum. Ungir framsóknarmenn leggja til að Þjóðhagsstofnun verði endurreist sem fyrst.

2.9 Upplýsingaskylda viðskiptalífsins

Ungt framsóknarfólk telur nauðsynlegt að eignatengsl og stjórnarseta einstaklinga í öllum félögum auk hlutafélagaskrár fyrirtækja verði að vera aðgengileg eftirlitsstofnunum auk annarra í viðskiptalífinu en á sama lagagrundvelli og upplýsingagjöf frá vanskilaskrá.

2.10 Bankar, fjármálastofnanir og verðtrygging

Ungt framsóknarfólk vill gera banka og fjármálastofnanir ábyrgari fyrir útlánastarfssemi sinni. Aðskilja þarf starfsemi viðskipta- og fjárfestingarbanka til takmarka áhættu á fjármálamarkaði og byggja upp traust og trúverðuleika á fjármálakerfið. Þak verði sett á verðtryggingu lána, hugmyndir ungs framsóknarfólks er að þakið yrði á bilinu 7-10%*. Einnig má athuga hvort tengingu megi finna við t.d. stýrivexti eða launavísitölu eða frekari blöndun vísitalna en einungis vísitölu neysliverðs.

2.11 Uppboðsmarkaður fyrir eignir

Stofna þarf óháðar og gagnsæjan uppbóðsmarkað fyrir eignir banka og fjármálastofnana sem hafa verið yfirteknar eða skilað inn. Slíkur uppbóðsmarkaður yrði á forræði opinberra aðila. Öllum fjármálastofnunum verði gert skylt að auglýsa þær eignir sem teknar eru með nauðungarsölu, auk allra innskilaðra eigna, á óháðum gagnsæjum uppbóðsmarkaði.

Lagt er til að sérstök úttekt verði gerð á meðferð og sölu eigna skilanevnd og fjármálastofnana frá bankahruninu 2008 af óháðum aðilum.

2.12 Um samvinnufélög

Ungt framsóknarfólk vill hvetja til stofnunar samvinnufélaga, til dæmis með einföldun á regluverki og skattaávilnunum.

2.13 Endurreisn heimilanna

Hægt er að koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot íslenskra heimila sem nú blasir við meðal annars með leiðréttingu skulda, skuldbreytingu lána eða með því að gera eigendum veðsettra eigna heimilt að skila þeim auk 5% af höfuðstól skuldarinnar. Falli þar með niður krafa á hendur skuldara. Innleiðing slíks kerfis þyrfti að vera í þrepum til að milda áhrifin á markaðinn.

Lögum um gjaldþrot einstaklinga verði breytt með þeim hætti að gjaldþrot vari eigi lengur en 5 ár. Innheimtist að lágmarki 25% upp í kröfur stýttist tíminn í 4 ár. Innheimtist að lágmarki 50% upp í kröfur stýttist tíminn í 3 ár. Innheimtist að lágmarki 75% upp í kröfur stýttist tíminn í 2 ár.

3. Utanríkismál

3.1 Norðurlandasamstarf

Ísland hefur sameiginlegar menningarrætur með hinum Norðurlöndunum og því telur ungt framsóknarfólk samstarf meðal þjóðanna vera mikilvægt, sér í lagi þegar kemur að viðskiptum, vísindum, menningu og listum.

Ungt framsóknarfólk telur auk þess vera mikilvægt að efla enn frekar efnahagslegt samstarf milli Íslands, Færeyja og Grænlands.

3.2 Utanríkisþjónustan

Ísland skal halda áfram að reka þá öflugu utanríkisþjónustu sem sem hún heldur úti í dag. Utanríkisþjónustan skal bjóða upp á öfluga viðskiptatengda þjónustu sem og reka öfluga borgaraþjónustu í sendiráðum með samvinnu við ræðismenn og önnur ríki Norðurlandanna.

Ungt framsóknarfólk að telur sala á þeim verðmætu eignum sem Utanríkisráðuneytið notar til sinnar starfsemi erlendis til þess eins að skipta yfir í leiguhúsnaði gæti verið óskynsamleg þar sem kostnaður getur verið mun hærri til langs tíma.

3.3 Varnarmál og NATO

Öryggis- og varnarmál landsins hvíla fyrst og fremst á eigin frumkvæði ásamt öflugu alþjóðlegu samstarfi og þá sérstaklega tvíhliða varnarsamningnum við Bandaríkin, aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og auknu samstarfi við næstu grannríki, ásamt rekstri á íslenska ratsjár- og loftvarnarkerfinu í samvinnu við Atlantshafsbandalagið.

Ísland skal vera laust við fasta setu erlends herliðs á friðartímum.

3.4 Friðargæsla

Ungt framsóknarfólk telur þátttöku Íslands í friðargæslu vera mikilvægan þátt í utanríkisstefnunni.

Íslendingar skulu helst einbeita sér að því að senda borgaralega friðargæsluliða s.s. Slökkviliðsmenn, hjúkrunafræðinga og flugumferðarstjóra til starfa við uppbyggingu á stríðshráðum svæðum. Mikilvægt er að konur og karlar fái jöfn tækifæri á að gegna störfum í íslensku friðargæslunni.

3.5 Þróunarmál

Tryggja verður að markmiðinu sem Sameinuðu þjóðirnar hafa sett um að 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu muni renni til þróunarsamvinnu verði náð árið 2015.

Stjórnvöld eiga að stuðla að fræðslu og vitundarvakningu þjóðarinnar um þróunarsamvinnu og neyðarhjálp.

3.6 Landhelgisgæslan

Aukið samstarf við nágrannaríki við Norður-Atlantshaf er mikilvægt við eftirlit á friðartímum, m.a. vegna aukinna flutninga á norðurslóðum og ætti í því sambandi að leggja áherslu á að efla íslensku landhelgisgæsluna enn frekar.

Ungt framsóknarfólk krefst þess að stofnunin fái nægt fjármagn til að sinna lögboðnum skyldum sínum á sjó og landi án þess að vinna sem verktaki erlendis.

Nýtt varðskip stofnunarinnar, Þór, er nauðsynlegt verkfæri til að hægt sé að sinna gæslu og björgun á hafinu í kring um Ísland og um leið lækka rekstarkostnað. Það að stofnunin gæti neyðst til að leigja skipið til Norðmanna er smánarlegt tákni um þann fjárskort sem stofnunin býr við.

4. Atvinna, samgöngur og byggðir

4.1 Atvinnuvandi ungs fólks

Ljóst er að atvinnuvandi ungs fólks á Íslandi er gríðarlegur og fer vaxandi. Ungt framsóknarfólk vill að gripið sé til aðgerða strax.

Ríkisstjórnin þarf að greiða götu þeirra verkefna sem þegar liggja á borðinu til atvinnusköpunar í stað þess að teyja þau.

Koma verður í veg fyrir stórfellda búferlaflutninga ungs menntafólks og skjóta sterkari stoðum undir nýsköpunarstarfsemi þeirra.

4.2 Atvinnuuppbygging

Ungt framsóknarfólk leggur áherslu á mikilvægi öflugs og fjölbreytts atvinnulífs. Aldrei má slaka á klónni við að leita nýrra tækifæra í uppbyggingu á hvaða sviði sem er og mikilvægt er að vega og meta fordómalaust kosti og galla allra verkefna sem í boði eru. Uppbygging á einu sviði þarf ekki að koma í veg fyrir uppbyggingu á öðrum. Markmiðið er blómstrandi atvinnulíf á öllum sviðum.

4.3 Nýsköpun

Ungt framsóknarfólk telur mikilvægt að frumkvöðlar geti sótt sér styrki í opinbera sjóði eins og Nýsköpunarsjóð. SUF vill efla frumkvöðlasjóði og tryggja að þeir hafi úr nægum fjármunum að spila og geti þannig lánað með hagstæðari kjörum og til lengri tíma en almennt gerist á bankamarkaði.

Mikilvægt er að gera regluumhverfið hvetjandi fyrir einkaaðila að koma að nýsköpun m.a. með hvetjandi skattalöggjöf. Mögulegt er að veita nýsköpunarfyrirtækum skatatafslætti svo sem niðurfellingu á virðisaukaskatti.

Skapa þarf opinn vettvang til öflugrar kynningar á nýsköpunarfyrirtækjum og starfsemi þeirra.

4.4 Þekkingariðnaður

Ungt framsóknarfólk vill að stutt verði við bakið á fyrirtækjum í upplýsingatækni og þekkingariðnaði meðal annars með stofnun Hugbúnaðarsjóðs.

Enn fremur vill ungt framsóknarfólk að Ísland verði í fararbroddi þegar kemur að endurskoðun á lögum og reglugerðum um einkaleyfi. Endingartímar leyfanna verði breytt, til dæmis þannig að þau falli niður ef vörur sem nota þær aðferðir sem skilgreindar eru í leyfunum koma ekki á markað innan fimm ára. Að þessu verði unnið með alþjóðastofnunum.

4.5 Landbúnaðarmál

Ungt framsóknarfólk telur mikilvægt að hér á landi þrífist öflug matvæla-framleiðsla. Sú sérstaða Íslands að meginþorri framleiðslu fer ekki fram á verksmiðjubúum heldur á fjölskyldubýlum er eitthvað sem ætti að varðveita.

Styrkjakerfi landbúnaðarins verður að endurskoða enda hvorki nægilega gott fyrir ríkið, bændur né neytendur afurðanna. Sérstaklega verður að hafa það að leiðarljósi hve lítil og erfið nýliðun í greininni er þegar endurskoðun fer fram.

Dýrastofna skal vernda með ströngum skilyrðum um innflutning á hráu kjöti og og banni á innflutningi á lifandi búfénaði og fósturvísu, nema í vísindaskyni, enda fylgir slíkum innflutningi gríðarleg smithætta sem gæti stórskadað bændur og íslenska dýrastofna.

4.6 Sjávarútvegsmál

SUF telur að ef Ísland hyggst standa undir nafni sem ein fremsta sjávarútvegspjóð heims verði að stórefla rannsóknir á lífríki hafsins.

Ungt framsóknarfólk telur að árangur hafi náðst með upptöku kvótakerfis í sjávarútvegi og að aflamarkskerfi sé góð leið til að stýra nýtingu fiskistofna. Endurskoðun á úthlutunaraðferðum veiðiheimilda er þó þörf, meðal annars með tilliti til álits mannréttindanefndar Sameinuðu Þjóðanna. SUF leggst alfarid gegn fyrningarleiðinni. SUF vill sjá endurskipulagningu á fyrri fiskveiðistjórnunarkerfi í anda svo kallaðrar "tilboðsleiðar".

Ungt framsóknarfólk ítrekar þá afstöðu að framtíðaryfirráð íslenskra stjórnvalda yfir sjávarauðlindum í landhelgi Íslands sé tryggð.

SUF styður áframhaldandi eðlilega nýtingu á hvalastofnun við Íslandsstrendur, enda atvinnuskapandi.

SUF telur að strandveiðar í núverandi mynd þjóni ekki þeim tilgangi sem lagt var upp með og hvetur til gagn Gerrar endurskoðunar á þeim.

4.7 Byggðamál

SUF telur það mikilvægt verkefni stjórnvalda að tryggja þegnum sínum sem mest lífsgæði, óháð búsetu.

Ungt framsóknarfólk telur frumkvæði heimamanna lykilatriði þegar kemur að því að auka lífsgæði fólks sem býr um allt land. Ríkisvaldinu ber að leita leiða til að styðja við slíkt frumkvæði, hvort sem um ræðir verkefni í menningar- eða atvinnulífi.

Einnig er það skylda ríkisins að tryggja að allir þegnar landsins hafi greiðan aðgang að opinberri þjónustu og atvinnu.

4.8 Samgöngur við útlönd

Ungt framsóknarfólk vill að allir þeir möguleikar sem felast í eflingu millilandaflugvalla og stórskipahafna séu nýttir. SUF hvetur til undirbúnings á opnun stórskipahafna með tilliti til þeirra möguleika sem myndast þegar ný siglingaleið opnast í Norður-Ishafi.

4.9 Vegamál

Ungt framsóknarfólk krefst þess að allir landsmenn séu í góðu vegasambandi allt árið um kring.

Ungt framsóknarfólk vill að stjórnvöld flyti framkvæmdum við veggöng þar sem þeirra er þörf og krefst þess að tafarlaust verði ráðist í tvöföldun helstu stofnæða frá höfuðborginni.

Ungt framsóknarfólk telur einkaframkvæmdir í samgöngukerfinu, með

eða án innheimtu veggjalda vel koma greina. Að því gefnu að gjöldin séu innheimt til afmarkaðs tíma og mannvirkin verði eign ríkisins að þeim tíma loknum.

4.10 Almenningsamgöngur

Ungt framsóknarfólk hvetur til aukinnar nýtingar á endurnýjanlegum og vistvænum orkugjöfum í almenningsamgöngum.

Til viðbótar við strætisvagnakerfið ætti áfram að skoða hugmyndir um að setja upp stofnæðar lesta.

Ungt framsóknarfólk telur að ríkið eigi áfram að tryggja almenningsamgöngur milli þéttbýliskjarna á landi. Leitast skal við að halda verði sérleyfisferða samkeppnishæfu miðað við aðra ferðamöguleika.

Íslenska ríkið á að koma að rekstri almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Ungt framsóknarfólk vill að litið verði á fjárfestingar í almenningsamgöngum sem sparnað. Með notkun þeirra getur kostnaður við vegagerð og viðhald vega minnkað. Nýting almenningsamgangna er þjóðhagslega hagkvæm og umhverfisvæn.

4.11 Fríar almenningsamgöngur

Ungt framsóknarfólk krefst þess að almenningsamgöngur fyrir börn, námsmenn, öryrkja og ellilífeyrisþega verði gjaldfrjálsar.

4.12 Umferðarmál

SUF vill auka símenntun í umferðinni og koma þannig í veg fyrir slys og tafir vegna kunnáttuleysis ökumanna. Ungt framsóknarfólk er fylgjandi því að bílprófsaldur verði hækkaður í 18 ár. Hvetja á þá sem bera ábyrgð á æfingarakstri ökumanna til að fara á sérstakt námskeið.

Gera þarf hjólandi og gangandi vegfarendum jafn hátt undir höfði og akandi í umferðinni. Sérstaklega á að gæta að því að börn geti gengið og hjólað í skóla án þess að vera í hættu vegna umferðar.

SUF vill að hámarkshraði á þjóðvegum verði endurskoðaður þar sem við á og breytanlegur hámarkshraði tekinn upp eftir aðstæðum.

4.13 Um flugsamgöngur

Ungt framsóknarfólk vill stuðla að aukinni samkeppni í innlandsflugi með því að auðvelda nýjum flugfélögum aðgang að markaðnum.

4.14 Um fjarskipti

Tryggja skal landsmönnum, óháð búsetu, öruggt aðgengi að hröðum, nútímalegum og traustum fjarskiptum.

Ungir framsóknarmenn vilja að gerð verði áætlun um stafrænar sjónvarpsútsendingar, hvernig og hvenær hliðrænar sjónvarpsútsendingar víki fyrir stafrænum útsendingum.

Efla þar ennfremur uppbyggingu langdrægra farsímakerfa af öryggisástæðum.

Skylda ætti farsímafyrirtæki til að skrá stolna farsíma í opinberan gagnagrunn sem væri í alþjóðlegu samstarfi, til dæmis í gegnum IMEI DB verkefnið.

SUF vill að leitast verði við að efla gagnatengingar við útlönd með sæstrenjum með endapunkta á fleiri stöðum.

4.15 Frjáls hugbúnaður

Ungt framsóknarfólk vill auka notkun og þróun á frjálsum hugbúnaði.

5 Umhverfi og auðlindanýting

5.1 Nýir orkugjafar

Ungt framsóknarfólk vill auka notkun innlendra orkugjafa s.s. rafmagns og metans til að knýja farartæki. Ennfremur krefst SUF fastmótaðrar stefnu frá ríkinu í þessum málaflokki. Þannig eykst sjálfbærni í orkumálum sem minnkar viðskiptahallann og skapar gjaldeyristekjur.

Ungt framsóknarfólk vill ennfremur auka aðgengi að innlendum orkugjöfum fyrir ökutæki utan höfuðborgarsvæðisins.

Ungt framsóknarfólk vill afnema tolla á ökutækjum sem ganga fyrir innlendum og vistvænum orkugjöfum. Einnig má skoða kerfi þar sem eigendur eldri og bensínfrekari ökutækja fá greitt fyrir að skipta þeim út fyrir vistvænni.

Stefnt skal að því að strætisvagnar og aðrar almenningsamgöngur gangi á innlendum orkugjöfum.

SUF vill styðja myndarlega við rannsóknir á hagnýtingu innlendra orkugjafa.

5.2 Endurvinnsla og spilliefni

SUF vill að einstaklingar, fyrirtæki og opinberir aðilar sé hvattir til að endurvinna allt það sopp sem hægt er. Draga skal úr því að endurvinnanlegt sopp og spilliefni séu urðuð.

Stuðla þarf að aukinni fræðslu um endurvinnslu og meðferð spilliefna til fólks á öllum aldri. Ungt framsóknarfólk vill auka umhverfisvernd í samfélaginu, auka og bæta aðgengi að endurvinnslu og minnka notkun á burðarpökum úr plasti til mikilla muna.

Umbuna ætti þeim sem stuðla að endurvinnslu með því að veita þeim afslátt af sorphirðugjaldi. Þá ættu sveitarfélög og verslanir að finna leiðir til að fjölskyldur geti sameinað verslunarferðir og ferðir í grenndarstöðvar til endurvinnslu.

Ungt framsóknarfólk hvetur sveitafélög til að stuðla að endurvinnslu sorps.

Herða þarf reglur um dreifingu fjölpósts til að draga úr heimilissorpi.

5.3 Loftslagsmál

Ísland á að uppfylla allar þær skuldbindingar í loftslagsmálum sem það hefur gengist við en jafnframt halda í þær undanþágur sem þegar hafa verið veittar.

5.4 Eignarhald á náttúruauðlindunum

Auðlindir Íslands utan eignarlanda eru sameign íslensku þjóðarinnar. Með auðlindum er átt við nytjastofna á Íslandsmiðum, auðlindir á, í eða undir hafsbotninum utan netalaga og náttúruauðlindir í þjóðlendum. SUF vill að innheimtar verði greiðslur fyrir afnot af auðlindum í eigu eða forsjá ríkisins sem renni í auðlindasjóð er nýttur verði til framþróunar um land allt.

5.5 Eignarhald á orkufyrirtækjum

Ungt framsóknarfólk telur rétt að fyrirtæki sem reka starfsemi á orkusviði sem byggir á sérleyfum, svo sem raforkuflutningi, raforkudreifingu og rekstri hitaveitna verði að fullu í opinberri eigu.

5.6 Vistvænar veiðar

Afar misjafnt er hvernig veiðarfæri fara með búsvæði sjávar og hve mikið af afla veiddum í ólík veiðarfæri skilar sér sem verðmæti til lands. Ungt framsóknarfólk skorar á sjávarútvegsráðherra að kanna áfram áhrif hinna mismunandi veiðarfæra á lífríki sjávar. Um er að ræða eitt stærsta umhverfis og

hagsmunamál íslensku þjóðarinnar og leggur SUF þunga áherslu á að mótuð verði stefna í þessa veru af hálfu yfirvalda og henni framfylgt. Ungt framsóknarfólk leggur áherslu á að Ísland haldi forystu í ábyrgri nýtingu fiskistofna á úthafinu.

5.7 Um húsnæðis- og skipulagsmál

Ungt framsóknarfólk vill koma í veg fyrir markaðsmisnotkun á húsnæðismarkaði og auka samvinnu sveitarfélaga þegar kemur að skipulagsmálum. Ungt framsóknarfólk vill að allir hafi fallett og aðlaðandi umhverfi í göngufæri frá sínum heimilum og að þétting byggðar leiði ekki til fækkunar þeirra grænu svæða og almenningsgarða sem íbúar hafa aðgang að. SUF hvetur til að almenningsgarðar og opin græn svæði verði skiplögð í þeim hverfum sem slíkt skortir.

5.8 Landgræðsla

Ungt framsóknarfólk vill að landgræðslu verði gert jafn hátt undir höfði og öðrum málaflokkum umhverfisverndar. Lögð verði mun meiri áhersla á verkefni eins og uppgræðslu rofabarða og sandsléttna en gert hefur verið til þessa. Ungt framsóknarfólk leggur áherslu á að Framsóknarflokkurinn endurheimti frumkvæði og forystu í umhverfismálum.

6. Menntun, menning og íþróttir

6.1 Menntastefna

Ungt framsóknarfólk leggur höfuðáherslu á að menntastig þjóðarinnar sé eins gott og nokkur kostur er, allt frá leikskóla til háskóla. Hærra menntunarstig þjóðarinnar skilar sér í aukinni þekkingu þjóðarinnar, auknu sjálfstrausti og ýtir undir nýsköpun sem skapa mun tekjur til þjóðarbúsins. Samkeppnishæfni Íslands helst í hendur við menntastig þeirra sem landið byggja. Ungt framsóknarfólk vill því sjá á Íslandi öflugt og hvetjandi menntakerfi sem öllum gefst jafn aðgangur að, óháð efnahag eða búsetu. Hið íslenska menntakerfi verður, á öllum tímum, ekki hvað síst þegar krepur að, að standast allan alþjóðlegan samanburð.

Gott menntakerfi er fyrsta stoðin Ofan á menntakerfið þarf að byggja traust atvinnulíf með eðlilegu bankakerfi, sem tryggir ungu fólki tækifæri til að starfa hér á landi. Leita verður allra leiða til að koma í veg fyrir að ungt og menntað fólk flytjist erlendis í stórum stíl. Ráðamenn þjóðarinnar þurfa því í verkum sínum að miða að því að skapa lífvænlegt umhverfi fyrir alla nýsköpun og skapa fyrirtækjum möguleika til vaxtar. Halda verður menntastigi þjóðarinnar uppi með því að skapa frjóan jarðveg fyrir allan þann auð sem býr í menntun þjóðarinnar.

Ungt framsóknarfólk vill halda í fjölbreytileika íslenskra menntastofnana og vilja forðast sameiningar menntastofnana sem leiða til skertrar þjónustu við almenning. Hagræðing í menntakerfinu má aldrei skera á samfélagsmynstur hina dreifðu byggða á Íslandi. Skoða ber mismunandi rekstarform menntastofnanna með jákvæðum augum en hafna ber öllum þeim hugmyndum sem byggja á hagnaðardrífnum rekstri. Íslenskt menntakerfi skal vera fyrir alla, öllum til hagsbóta.

Ungt framsóknarfólk vill sérstaklega kanna kosti samvinnuforsins við rekstur menntastofnanna í landinu.

6.2 Sveigjanlegur námstími

Mörk skólastiga eiga að vera fljótandi. Til að svo megi verða þarf að tryggja upplýsingastreymi milli skólastiganna og auka faglegt samstarf. Þannig getur hver nemandi farið í gegnum skólakerfið á þeim hraða sem honum hentar. Lögbundin stytting framhaldsskólans er óþörf enda hefur námsmöguleikum á framhaldsskólastigi fjölgað mjög á síðustu árum.

6.3 Leikskólastigið

Frá 1994 hefur leikskólinn verið viðurkenndur sem fyrsta skólastigið. Ungt framsóknarfólk vill að ríki og sveitarfélög komi saman um breytta tekjuskiptingu til þess að sveitarfélög geti boðið upp á leikskólanám án of mikils kostnaðar foreldra. Rétt er að skoða hvort stofna beri ungbarnaleikskóla eða sérstakar ungbarnaeildir eins og þekkt á Norðurlöndunum til þess að brúa það bil frá því fæðingarorlofi líkur þar til leikskólaaldri er náð.

Ungt framsóknarfólk hvetur sérstaklega til þess að samvinnuformið verði skoðað sem rekstrarform fyrir leikskóla, til dæmis fyrir yngstu börnin.

6.4 Grunnskólastigið

Auka þarf sveigjanleika grunnskólastigsins með einstaklingsmiðað nám að leiðarljósi þar sem börn fá notið styrkleika sinna. Námsþópar verði aldrei stærri en svo að unnt sé að sinna hverjum nemanda. Tryggja þarf að kennsla í grunnskólum sé í höndum menntaðra grunnskólakennara. Skólastarf þarf að vera sveigjanlegt og skapandi þar sem áhersla er lögð á gleði, jákvæða sjálfsmynd, færni og þekkingarleit. Markvisst þarf að efla samfélagsvitund og sjálfstraust ungmenna, auka þekkingu þeirra á réttindum sínum og skyldum til dæmis með félagsmálafræðslu. Tryggja þarf virkt og gott samstarf heimilis og skóla sem byggir á virðingu og trausti. Ekki kemur til greina að innheimta skólagjöld í opinberum grunnskólum.

Ungt framsóknarfólk hvetur til þess að allir grunnskólar landsins bjóði nemendum sínum minnst eina heita máltíð á dag. Rannsóknir hafa sýnt að það eykur vellíðan nemenda og námsárangur.

6.5 Skólafatnaður

Mjög víða hefur sú leið verið farin að taka upp samræmdan skólafatnað til þess að auka jöfnuð og þar með samkennd nemenda. Ungt framsóknarfólk hvetur grunnskóla til þess að athuga möguleikana á því að taka upp skólafatnað meðal nemenda.

6.6 Framhaldsskólastigið

Allir eiga að geta leitað í framhaldsskólanám við sitt hæfi á sínum hraða. Áhersla er lögð á að framhaldsskólarnir fái nægjanlegt fjármagn til að tryggja öllum skólavist. Ekki kemur til greina að innheimta skólagjöld í opinberum framhaldsskólum. Sporna skal við brottfalli eins og kostur er. Einnig skal leitað eftir upplýsingum um hver áhrif efnahagsþrenginga hefur á brottfall nemenda.

Ungt framsóknarfólk vill endurskoða hverfaforgang í framhaldsskólum. Við það verði haft í huga að öllum verði tryggður aðgangur að námi við sitt hæfi.

6.7 Starfsnám

Efla þarf og viðhalda starfsmenntun í landinu. Sérstaklega þarf að standa vörð um og eftir atvikum auka námsframboð í starfsmenntagreinum á landsbyggðinni. Eftirspurn eftir verk- og tæknimenntuðu fólki á eftir að aukast á ný og er iðnmenntun forsenda þess að hægt sé að mæta þeirri eftirspurn í framtíðinni. Efla þarf tengsl framhaldsskóla og atvinnulífs til að auka skilvirkni námsins. Tímabært er að stofna starfsmenntaháskóla sem leggur áherslu á verkmenntir, tæknimenntun og starfstengda fræðslu og þjálfun á háskólastigi. Gera þarf átak í réttindamálum iðnnema og bæta kjör þeirra. Ungt framsóknarfólk vill auka kynningu á verknámi meðal grunnskólanema.

6.8 Háskólastigið

Háskólamenntun er drifjörður framþróunar og gegnir meðal annars lykilhlutverki í eflingu nýsköpunar og rannsókna. Í síðustu stjórnartíð Framsóknarflokksins jókst aðsókn í háskólanám hérlendis um rúmlega helming. Ungt framsóknarfólk hefur staðið myndarlega við bakið á uppbyggingu háskólastigsins og mungera það áfram. Sífellt þarf að skoða aukna sérhæfingu í háskólanámi. Standa skal sérstaklega vörð um fámennar og séríslenskar deildir á háskólastigi. Sérstaka áherslu þarf að leggja á uppbyggingu framhaldsnáms með auknum rannsóknum við íslenska háskóla á næstu árum. Efla þarf möguleika til fjárnáms á háskólastigi, einkum við ríkisháskóla.

6.9 Fjármögnun háskólastigsins

Menntun hvers einstaklings er ávinningur samfélagsins. Tryggja þarf að þeir nemendur sem uppfylla skilyrði til inngöngu í háskóla eigi möguleika á að stunda námið óháð búsetu og efnahag. Skráningargjald við opinbera háskóla á að endurspeglar raunverulegan kostnað sem liggur að baki skráningu hvers nemanda. Sömuleiðis telur ungt framsóknarfólk skólagjöld við opinbera háskóla ekki koma til greina enda skilar það fjármagn sem samfélagið leggur í menntun einstaklingsins sér margfalt til baka. Setja þarf skýrar reglur um samninga milli ríkis og rekstraraðila einkarekinna námsbrauta um stofnframlag ríkisins. Í samstarfi við háskólana í landinu þarf að skilgreina kostnaðargrunn að baki öllu námi á háskólastigi og tryggja í framhaldinu að hið opinbera greiði með öllum ársnemendum sem stunda háskólanám.

6.10 Vísindi, rannsóknir og nýsköpun

Rannsóknastarf á Íslandi hefur eflst mikið á síðastliðnum árum. Ungt framsóknarfólk vill auka vægi rannsóknarvinnu í háskólum, þannig á að stuðla að sem mestri tæknipróun og nýsköpun á næstu árum. Ísland á að vera eftirsóknarverður staður fyrir frumkvöðla og vísindamenn. Þannig þarf að hvetja til rannsókna sem geta leitt til einkaleyfa og nýsköpunar í atvinnulífinu. Rétt er að auka samvinnu háskólastofnanna og rannsóknarstofnanna á vegum hins opinbera og skal það haft í huga er byggðir verða upp vísindagarðar. Tryggja þarf fræðimönnum akademískt frelsi enda er það forsenda þess að rannsóknir blómstri í þekkingarsamfélagi.

6.11 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Lánasjóður íslenskra námsmanna gegnir stóru hlutverki við að tryggja fjárhagslegt öryggi lánþega sinna á meðan námi stendur. Háskólanám er full vinna og áhyggjur af fjármálum draga úr getu nemenda til að einbeita sér að því námi sem þeir stunda. Ungt framsóknarfólk heitir því að standa vörð um LÍN, efla sjóðinn og styrkja. Sérstök

áhersla verður lögð á að hækka grunnframfærslu námslána og tengja hana neysluverðsvísitölu ásamt því að auðvelda aðkomu nemenda sem eru að koma af vinnumarkaði inn í háskólanna.

6.12 Styrkur til háskólanáms

Ungt framsóknarfólk vill að unnið verði að því að 30% námslána breytist í styrk ljúki nemandi námi á tilskyldum tíma. Ungt framsóknarfólk er tilbúið að skoða aðra möguleika en beina niðurfellingu 30% lána námsmanna við LÍN, mögulega væri hægt að koma slíkum styrk fyrir í skattakerfinu til dæmis með lægri tekjuskatti fyrir nýútskrifaða háskólanema.

6.13 Gæðaeftirlit

Halda ber uppi öflugu gæðamati og gæðaeftirliti í íslensku háskólaumhverfi í samræmi við lög nr. 63/2006 um háskóla. Mikilvægt er að slíkt mat, framkvæmt af óháðum aðilum fari fram reglulega. Nemendur eiga að hafa greiðan aðgang að úttektum á gæðum háskóla hérlendis og erlendis þegar þeir velja sér skóla og námsleið.

6.14 Sí- og endurmenntun

Í samvinnu við atvinnulífið þarf að viðhalda öflugu kerfi sí- og endurmenntunarmiðstöðva um allt land. Setja þarf heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu þar sem sérstaklega er hugað að lausnum fyrir fólk sem skipta þarf um starfsvettvang til dæmis vegna atvinnumissis eða örorku. Efla þarf sérúrræði til handa þeim sem eiga í erfiðleikum með nám. Koma þarf á fót, efla og styrkja öflugt og fjölbreytt námskerfi fyrir þann hóp sem ekki hefur lokið stúdentsprófi en hefur áhuga á frekari menntun seinna á lífsleiðinni.

6.15 Menntun fanga

Tryggja þarf föngum aðgang að menntun við sitt hæfi. Nám í fangelsi er eitt af þeim fáu meðferðarúrræðum sem í boði er í fangelsum og ber að sinna því af kostgæfni. Menntun hefur fyrirbyggjandi áhrif og ber að hvetja fanga til þess að nýta tímann til menntunar. Fjölga þarf námsmöguleikum fanga og leita skal leiða til að bæta aðstöðu til verknáms og starfsþjálfunar í fangelsum.

6.16 Lýðháskóli

Ungt framsóknarfólk hvetur yfirvöld menntamála til að styðja kröfuglega við hugmyndir um stofnun lýðháskóla á Íslandi. Slíkur skóli myndi auðga og efla íslenskt menntalíf og samfélag.

6.17 Menningarmál

Fjölbreytt og skapandi menningarstarfsemi er dýrgripur hverrar þjóðar og á að standa öllum til boða. Ungt framsóknarfólk vill auka rannsóknir á íslenski menningu og íslenskum menningararfi. Efla skal kynningu íslenskrar menningar- og félagsmálastarfsemi. Öflugt starf frjálsra félagasamtaka, sem byggjast á vinnu sjálfboðaliða, er lykilþáttur í öflugu menningarlífi þjóðarinnar.

Opið og gagnsætt styrkjakerfi er eðlileg leið hins opinbera til að styðja við menningarstarfsemi. Ungt framsóknarfólk telur að mögulegt sé að ná fram hagræðingu í rekstri menningarstofnana. Það má meðal annars gera með því að færa undir eitt ráðuneyti opinberar safna- og sýningarstofnanir sem nú heyra undir mörg ráðuneyti, auka samstarf milli stofnana, sameina stjórnsvæðingarnar, einfalda styrkjakerfi og setja fastmótaðri reglur um styrkveitingar opinberra aðila.

6.18 Tungumál

Standa verður vörð um íslenska arfleið og þar er tungumálið okkar einn mikilvægasti hornsteinninn. Hlúa verður að kennslu skólabarna og viðhalda og auka íslenskukunnáttu þeirra. Alþjóðlegar kannanir benda til þess að lesskilningi íslenskra skólabarna hafi hrakað á síðustu árum. Taka þarf á þeim niðurstöðum af mikilli festu, enda er tungumálið undirstaða tilvistar þjóðarinnar, sjálfsmyndar og sérstöðu. Mikilvægt er að koma á fót gjaldfrjálsri íslenskukennslu til að stuðla að aukinni samfélagsvitund fyrir fólk af erlendum uppruna. Ungt framsóknarfólk telur einnig nauðsynlegt að viðurkenna tákn mál sem móðurmál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Tryggja þarf að þörfum barna með annað móðurmál en íslensku sé sinnt með nægjanlegum hætti á öllum skólastigum.

6.19 Fjölmíðlar

Ungt framsóknarfólk leggur áherslu á nauðsyn þess að hér á landi starfi öflugt ríkisútvarp sem nái til allra landsmanna með litlum tilkostnaði. Ungt framsóknarfólk harmar að niðurskurður á rekstri RÚV hafi bitnað harðast á innlendra dagskrárgerð og þjónustu við dreifbýli. Ungt framsóknarfólk ítrekar að RÚV er fjármagnað af almannafé og hefur ríkið skyldum að gegna við framleiðslu á innlendu dagskrárefni og fréttapjónustu. Með kaupum og framleiðslu á innlendu dagskrárefni er stutt við íslenskt atvinnulíf og er þjóðhagslega hagkvæmt. Rétt er að auka aðgengi almennings að eldra efni RÚV, til dæmis á vefnum. RÚV á að þiggja rekstrarfé sitt af fjárlögum hvers árs. Mikilvægt er að samkeppni og fjölbreytni ríki á fjölmíðlamarkaði enda gegna fjölmíðlar stöðugt veigameira hlutverki í íslensku samfélagi. Víða erlendis hafa verið settar reglur til þess að tryggja samkeppni á fjölmíðlamarkaði og er rétt að setja slíkar reglur hér á landi.

6.20 Íslensk kvikmyndagerð

Íslensk kvikmyndagerð er mikilvægur iðnaður fyrir efnahag þjóðarinnar, menningararfleið og landkynningu. Það fjármagn sem skorið er niður er ekki sparnaður heldur tap fyrir ríkið. Þessari þróun verður að snúa við því ávöxtun

í gegnum kvikmyndargerð er mun meiri en þeir peningar sem eru lagðir í hana. Menningarlegt mikilvægi kvikmynda fyrir land og þjóð og varðveitingu íslenskrar tungu má ekki gleymast.

6.21 Íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsmál

Mikilvægi íþróttá-, æskulýðs- og tómsundamála er gífurlegt hvað varðar lífsgæði, menntun, forvarnir, heilbrigði og byggðamál. Allt fjármagn til þessara málaflokka er styrking á forvarnarstarfi sem skilar sparnaði fyrir hið opinbera til lengri tíma lítið á öðrum útgjaldasviðum. Það er mikilvægt að öll börn hafi jafnan rétt til þátttöku í íþróttá-, æskulýðs- og tómsundastarfi óháð búsetu eða efnahag foreldra. Það er einnig nauðsynlegt að öll börn geti stundað íþróttir og tómsundir við hæfi og því ber að stuðla að fjölbreyttara framboði og leggja aukna áherslu á almenningsíþróttir sem valkost við keppnisíþróttir. Aukið framboð og aukin gæði eiga saman að stuðla að almennari iðkun. Ungt framsóknarfólk vill samtvinna skólustarf og þátttöku í íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsstarfi.

6.22 Styrkir til íþróttastarfs

Ungt framsóknarfólk vill að ferðasjóður íþróttafélaganna verði áfram eflður, en hann er nauðsynlegur til að jafna aðstöðu íþróttafélaga, og staðinn verði vörður um aðra sjóði sem styrkja íþróttastarf. Mikilvægt er að ríkið styrki héraðssambönd og íþróttabandalög líkt og gert hefur verið við sérsambönd enda sinna þau fjölbreyttari verkefnum víðar um landið.

6.23 Um húsafriðun

Ungt framsóknarfólk vill að farið verði í átak í verndun eldri og friðaðra húsa. Í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir niðurniðslu á friðuðum og sögufrægum byggingum. Lög um húsafriðun verði endurskoðuð þannig að sveitarfélög fái hluta af því valdi sem menntamálaráðherra hefur í dag. Ráðherra skal þó hafa neitunarvald í þeim málum sem sveitarfélögin taka að sér.

7. Velferð, jöfnuður og lífsgæði

7.1 Velferðarkerfið

Framsóknarflokkurinn hefur verið við uppbyggingu þess öflugra velferðarkerfis sem Íslendingar búa við í dag. Við búum við eitt besta heilbrigðiskerfi í heimi sem verið er að þrengja að.

Aðalforgangsröðunin í velferðarkerfinu á að byggja á jöfnuði og réttlæti. Tryggja þarf tryggja velferðar- og grunnþjónustu. Það á ekki að skipta máli hvar þú býrð eða vinnur.

Ungt framsóknarfólk vill benda á mikilvægi sveitarstjórnarstigsins sem er lykillinn að góðri velferðarþjónustu í heimabyggð.

7.2 Aðgangur að heilbrigðisþjónustu

Ungt framsóknarfólk leggst alfarið gegn öllum hugmyndum um einkavæðingu heilbrigðiskerfisins og endurupptöku innritunargjalda inn á sjúkrahús. Slíkt getur aðeins leitt til tvískipts kerfis sem ýtir undir aukinn ójöfnuð.

7.3 Heilsugæsla

Áfram þarf að efla starfsemi heilsugæslunnar sem er grunnur heilbrigðiskerfisins. Með öflugri heilsugæslu má draga úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu vegna minni sérfræðiþjónustu. Þjóða þarf upp á fjölbreyttari þjónustu á heilsugæslustöðvum, t.d. þjónustu sálfræðinga, félagsráðgjafa, iðjubjálfa og fleiri. Kanna þarf flútning heilsugæslunnar til sveitarfélaganna með það að markmiði að bæta samvinnu á milli félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu í heimahéraði. Sú yfirfærsla hefur gefið góða raun m.a. á Akureyri.

Gera þarf átak í að fjölga heimilislæknum enda mun sá fjöldi lækna sem nú stundar nám í heimilislækningum hvergi nærri geta mannað allar þær stöður sem losna á næstu árum.

7.4 Sálfræðiþjónusta

Auka þarf aðgengi almennings að þjónustu sálfræðinga og fella hana inn í heilbrigðiskerfið sem hluta af geðheilbrigðiskerfinu og almennri heilsugæslu. Þannig er boðið upp á fjölbreyttari meðferðarráðgjafi og mögulega má draga úr lyfjakostnaði þar sem samtalsmeðferð skilar í sumum tilfellum sama eða betri árangri og lyfjameðferð. Bætt aðgengi að þjónustu sálfræðinga hefur einnig mikið forvarngildi.

7.5 Geðrækt

Leggja þarf sérstaka áherslu á geðrækt í þjóðfélaginu öllu á þeim tímum sem nú eru uppi í íslensku samfélagi. Markvissar aðgerðir s.s. fræðsla og aukinnar umræðu er þörf til þess að bregðast við kvíða, þunglyndi, streitu og annarri andlegri vanlíðan sem fylgja óvissutímum í þjóðarbúskapnum og erfiðri stöðu heimilanna og fyrirtækjanna í landinu.

7.6 Tannvernd

Koma þarf á skipulegri gjaldfrjálsri tannvernd barna og unglinga til 18 ára aldurs með samningum hins opinbera við tannlækna um grunnþjónustu. Efla þarf forvarnir og eftirlit með tannheilsu barna innan skólakerfisins. Gefa

þarf almenningi kost á að sækja aukna þjónustu til tannfræðinga þar sem reynsla frá Norðurlöndunum sýnir að þannig megi ná niður kostnaði.

7.7 Stuðningur við útskrifaða sjúklinga

Auka þarf stuðning og eftirfylgni við sjúklinga eftir dvöl á heilbrigðisstofnunum með það að markmiði að koma í veg fyrir frekari sjúkráhusdvöl stuttu eftir útskrift. Nýta þarf göngudeildir auk samstarfs við félagsþjónustu sveitarfélaga, heimahjúkrun og félagasamtök um stuðning og eftirfylgni.

7.8 Forvarnir

Auka þarf forvarnir almennt t.d. í auglýsingaherferðum á þann veg að það höfði til ungs fólks. Taka þarf upp markvisst forvarnarstarf á öllum skólastigum. Koma þarf fólki í skilning um það vaxandi og alvarlega vandamál sem kynsjúkdómamit er.

7.9 Um getnaðarvarnir og kynfræðslu

Ungt framsóknarfólk vill lækka virðisaukaskatt úr 25,5% í 7% af öllum getnaðarvörnum til að auka notkun þeirra sem minnkar líkur á kynsjúkdómum og ótímabærri þungun.

7.10 Lýðheilsa

Góð heilsa þjóðarinnar felur í sér sparnað í heilbrigðiskerfinu og þjóðfélaginu öllu. Endurskoða þarf matarskatta með tilliti til bættrar neyslumenningar og hvetja þarf til aukinnar hreyfingar landsmanna m.a. með öflugri fræðslu fyrir almenning, skóla og vinnustaði. Ungt framsóknarfólk styður tillögu um bann við háu hlutfalli transítusýra í matvælum.

7.11 Skimun eftir krabbameini og fyrirbyggjandi aðgerðir

Ungt framsóknarfólk telur nauðsynlegt að viðhalda öflugum rannsóknum og forvörnum gegn krabbameini og öðrum alvarlegum sjúkdómum. Þeir fjármunir sem lagðir eru í vinnu af þessu tagi skila sér margfalt til baka, ekki aðeins í fé heldur einnig mannlífum. Ungt framsóknarfólk telur það brynt að bólusetning við leghálskrabbameini verði gerð hluti af bólusetningarferli ungra kvenna.

7.12 Almennatryggingar

Standa þarf vörð um almennatryggingakerfi landsmanna og efla ennfremur eftirlit með notkun þess. Gera þarf langveikum kleift að takast á við veikindi sín við mannsæmandi aðstæður með fjárhagslegum og félagslegum stuðningi. Ungt framsóknarfólk vill frekar horfa til þess hvað fólk getur en hins sem það getur ekki þegar örorka er skilgreind.

7.13 Endurhæfing

Efla þarf starfs- og endurhæfingarúrræði fólks sem er á endurhæfingar- eða örorkulífeyri til þess að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Ríkið þarf að stuðla að því að auka starfsmöguleika þeirra sem hafa skerta starfsorku á almennum vinnumarkaði t.d. með skattaafslætti eða gæðastimpli og hvetja önnur fyrirtæki áfram.

7.14 Atvinnuleysi

Ráðast þarf í aðgerðir til þess að viðhalda samfélagslegri virkni þeirra sem misst hafa atvinnu til dæmis með tilboði um þátttöku þeirra í samfélagslegum verkefnum, gjaldfríum aðgangi að sundstöðum, sófnum og öðrum opinberum stöðum. Ungt framsóknarfólk vill láta gera samanburð á réttindum og stöðu atvinnulausra á milli sveitarfélaga.

7.15 Fátækt

Ungt framsóknarfólk telur það óásættanlegt að fólk þurfi að reiða sig á matargjafir hjálparstofnana í því velferðarsamfélagi sem Ísland á að vera. Styrkja þarf verulega starfsemi þeirra stofnana sem vinna að stuðningi við þá sem lifa við fátækt en sá hópur hefur stækkað ört undanfarið.

7.16 Öldrunarmál

Endurskipuleggja þarf öldrunarþjónustu með sveigjanleika, hagræðingu og fjölbreytni í huga. Gera þarf öldruðu fólki kleift að halda sjálfræði sínu lengur þar sem slíkt stuðlar að betri lífsgæðum, heilsu og felur í sér sparnað. Aldrað fólk á ekki að þurfa að eyða ævikvöldinu í herbergi með ókunnugri manneskju. Horfa þarf til stoðþjónustu í stað stofnanarþjónustu þar sem þjónustan og búsetan eru tvö aðskilin kerfi sem starfa m.a. í samstarfi við félagsþjónustu og heilsugæslu. Þjónustan þarf að vera einstaklingsmiðuð og sniðin að þörfum og ákvörðunum þess sem hana notar og aðstandendum þeirra. Fólk eigi sama rétt á þjónustu í eigin íbúð og í búsetuþjónustu.

7.17 Lífeyrismál

Stjórn lífeyrissjóða verður að einkennast af fagmennsku og hafa hagsmuni sjóðsfélaga ætíð í öndvegi. Nauðsynlegt er að auka rekstrarábyrgð stjórnenda lífeyrissjóða sem og að stuðla að því að ákvarðanatataka innan lífeyrissjóðakerfisins verði lýðræðislegri. Jafnframt er þörf á að valfrelsi um lífeyrissjóði verði aukið. Afnema ber lög sem kveða á um sérstök lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra. Stjórnvöld og lífeyrissjóðir þurfa að taka

sameiginlega á þeim tímabundna vanda sem þeir sem komu seint inn í lífeyrissjóðakerfið horfast í augu við. Við skattlagningu lífeyrisgreiðslna á að taka tillit til þess að hluti þeirra eru fjármagnstekjur. Skattleggja þarf lífeyrissjóðsgreiðslur í tvennu lagi. Annars vegar þann hluta sem eru tekjur og hins vegar þann hluta sem eru fjármagnstekjur. Koma þarf í veg fyrir það að fólk sem hefur safnað í eigin sjóði til efri árána þurfi að gjalda þess með skerðingum á greiðslu úr lífeyrissjóði.

7.18 Barnavernd og réttindi barna

Endurskoða þarf lög og reglur um barnaverndarmál í heild sinni þar sem horft verður til nágrennþjóða okkar varðandi útfærslu. Fagaðilar eiga ávallt að koma að ákvarðanatöku í úrlausnum og framkvæmd barnaverndarmála þar sem hagsmunir barna eru ætíð í fyrirrúmi. Í meðferð barnaverndarmála skulu barnið og hagsmunir þess ætíð njóta vafans. Til þess að tryggja samræmda meðferð vegna þyngstu barnaverndarmála þarf að skoða kosti þess að meðferð úrskurðamála verði á hendi einnar eða fárra stofnana á vegum ríkisins. Tryggja þarf aðgengi að Barnahúsi þannig að mögulegt sé fyrir börn og aðstandendur þeirra að leita beint þangað ef grunur vaknar um kynferðislegt ofbeldi.

Ungt framsóknarfólk vill löggesta Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tryggja þannig réttaráhrif hans hér á landi.

7.19 Málefni fatlaðs fólks

Ungt framsóknarfólk bendir á mikilvægi þess að hver og einn einstaklingur ráði eigin lífi og styður þess vegna tillögu um notendastýrða persónulega aðstoð. Fyrirhuguð yfirfærsla málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaga er mikið tækifæri til þess að breyta þjónustunni í takt við nýja hugmyndafræði og nýja tíma. Það eykur möguleika fatlaðs fólks á því að vera raunverulegir þátttakendur í samfélagi sínu.

7.20 Húsnæðismál

Allir landsmenn eiga að hafa raunverulegt val um búsetuform og staðsetningu. Ungt framsóknarfólk vill viðhalda samkeppni á íbúðalánamarkaði með áframhaldandi tilvist íbúðalánasjóds sem opinberrar lánastofnunar sem starfi þar við hlið banka og sparisjóða. Þannig er greiður aðgangur hverju sinni að hagkvæmasta lánsfjármagni sem völ er á. Ungt framsóknarfólk er stolt af því að hafa staðið vörð um íbúðalánasjóð um langt skeið sem sannað hefur gildi sitt á erfiðum tímum. Tryggja þarf áframhaldandi rekstrargrundvöll og starfsemi sjóðsins og gæta þess að hann standi jafnfætis öðrum fjármálastofnunum við mögulegar leiðréttingar lána.

Tryggja þarf hagstætt leiguhúsnæði fyrir ungt fólk, barnafjölskyldur og námsmenn og tryggja þarf sambærilega leiguupphæð þeirra sem leigja á stúdentagörðum eða í leigufélögum til móts við almennan leigumarkað.

8. Mannréttindi og lýðræði

8.1 Þátttaka í lýðræðinu

Ungt framsóknarfólk er stolt af að tilheyra samfélagi sem tekur virkan þátt í hinu lýðræðislega ferli. Þó má gera enn betur í að virkja almenning til þátttöku.

Mikilvægast í því sambandi er að styðja við starf stjórnmalaflokkanna og frjálsra félagasamtaka þar sem einstaklingar hafi þann kost að vera virkir þátttakendur í lýðræðinu.

8.2 Útstríkanir og persónukjör

Ljóst er að endurskoða og samræma þarf vægi útstríkana í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum og auka um leið vægi persónukjörs t.d. með því að bjóða kjósendum upp á óráðaða framboðslista.

8.3 Þjóðaratkvæðagreiðslur

Almenningur á að koma í auknum mæli að allri ákvarðanatöku í þjóðfélaginu, t.d. með þjóðaratkvæðagreiðslum ef um erfið mál er að ræða sem geta verið þung í vöfum fyrir Alþingi. Þetta skal einnig vera gert ef ákveðið hlutfalla kosningabærra manna eða Alþingis krefst þess.

8.4 Vægi atkvæða

Ungt framsóknarfólk telur afar mikilvægt að vægi atkvæða í alþingiskosningum verði jafnað. Það að eitt atkvæði hafi meiri áhrif í kosningum en annað er algjörlega óásættanlegt, eins og m.a. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu hefur bent á.

8.5 Tímasetning kosninga

Ungt framsóknarfólk vill að tímasetning Alþingis og sveitarstjórnarkosninga verði endurskoðuð með það að markmiði að stríða ekki gegn lýðræðislegri þátttöku skólafólks.

8.6 Málefni innflytjenda

Ungt framsóknarfólk vill að farið sé varlega þegar erlendum ríkisborgurum frá löndum utan EES-svæðisins er vísað úr landi. Það er það er engin lausn fölgir í því að rífa fólk upp með rótum og vísa þeim á brott þó svo að atvinnuleysi hafi aukist á Íslandi. Á Íslandi geta vel verið jafn mörg störf og íbúar, sama hvaðan þeir koma.

Standa skal vörð um búseturétt sjálfstætt starfandi innflytjenda frá svæðum utan Evrópska efnahagssvæðisins ef þeir sýna fram á tekjur af starfsemi sinni. Tryggja þarf aðgengi innflytjenda að gjaldfrjálsri íslenskukennslu og efla fræðslu um íslenskt samfélag. Ráðast skal í að einfalda og skýra það regluverk sem innflytjendur búa við þegar kemur að því að flytja til landsins.

8.7 Jafnréttismál

Ungt framsóknarfólk leggur ríka áherslu á það að jafnrétti meðal þjóðfélagsþegna séu grundvallarmannréttindi. Mikilvægt er að Framsóknarflokkurinn sé ávallt í framlínunni þegar kemur að baráttu í þágu minnihlutahópa samfélagsins. Ljóst er að mikið verk er óunnið þegar kemur m.a. að jafnrétti kynjanna, innflytjendamálum, málefnum einstæðra foreldra, barna þeirra, fatlaðs fólks og annarra minnihlutahópa samfélagsins.

8.8 Jafnréttisfræðsla í leik-, grunn- og framhaldsskólum

Ungt framsóknarfólk telur að hið opinbera eigi ætíð að beita sér fyrir jafnréttisfræðslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Sú fræðsla mun skila sér út í samfélagið og stuðla að auknu jafnrétti. Unnið verði að gerð fræðsluefnis um jafnréttismál fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og slík fræðsla bundin í námsskrá skólanna.

8.9 Réttindi samkynhneigðra og transgender fólks

Ungt framsóknarfólk hefur lengi barist fyrir réttindum samkynhneigðra og er stolt af því að berjast fyrir réttindum transgender fólks. Mismunun á grundvelli kynhneigðar eða kynmyndar á ekki að eiga sér stað.

Það er mikið réttindamál fyrir transgender fólk að auðvelda skráningu þeirra í Þjóðskrá þegar lyfjameðferð er komið á viðeigandi stig, bæði þegar kemur að nafni og kyni.

8.10 Afnáam launaleyndar

Það er krafa ungs framsóknarfólks að launaleynd verði afnumin á vinnumarkaðnum með öllu. Þó svo að einstök fyrirtæki, stofnanir og starfsgreinar hafi eða geti gert það sjálf er það eingöngu til þess að skapa óvissu, ójafnvægi og óréttæti á vinnumarkaði. –Afnema skal launaleynd með lögum.

8.11 Heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi

Ungt framsóknarfólk telur heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi vera sár á samfélaginu sem ekki er hægt að græða nema með opnu hugarfari og réttlæti.

Mikilvægt er að hvetja þolendur ofbeldis af ýmsum toga til að stíga fram með sín mál og leita réttar síns og umfram allt styðja við þau í sinni baráttu.

Ekki má gleyma því að kynferðislegt ofbeldi sem og heimilisofbeldi gegn karlmönnum getur verið mikið feimnismál og að auðvelt er líta fram hjá slíku. Slíkt þarf að laga með hugarfarsbreytingu meðal þjóðarinnar.

8.12 Dýrahald í fjöleignahúsum

Ungt framsóknarfólk telur eignarréttinn vera sterkari en svo að einstakir fasteignaeigendur í fjölbýlishúsum hafi neitunarvald innan húsfélags gagnvart gæludýraeign nággranna sinna án þess að hafa til þess gild rök á borð við vottorð frá viðeigandi sérfræðilækni.

Brýnt er að breyta Lögum um fjöleignahús og samþykktum sveitarfélaga þannig að meirihluta atkvæða húsfundar þurfi til að koma í veg fyrir dýrahald annara fasteignaeigenda.

Einstakir fasteignaeigendur skulu þó halda neitunarvaldi sínu ef þeir sýna fram á raunveruleg rök á borð við ófnæmi, astma eða fælni með læknisvottorði.

8.13 Aðgengismál

Ungt framsóknarfólk telur að allir þegnar þjóðfélagsins eigi að hafa gott aðgengi að þeirri þjónustu sem er í boði samfélaginu. Tryggja þarf aðgengi fatlaðra að opinberum svæðum, byggingum, viðburðum og almenningssamgöngum með lyftum, sérstökum bílastæðum og aðgengilegum salernum. Tryggja þarf að allar vefsíður fyrirtækja í rekstri sem og stofnana samfélagsins uppfylli þau skilyrði um aðgengismál sem Staðlaráð Vefsins, W3C setur. Vefir opinberra stofnana og fyrirtækja skulu a.m.k. ná einkunninni AA samkvæmt vefstaðlinum WCAG 2.0.